



Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) um áform um atvinnustefnu Íslands til 2035. Mál nr. S-144/2025.

Verkfræðingafélag Íslands fagnar því að fá tækifæri til að leggja fram tillögur um atvinnustefnu Íslands. Félagið minnir á að ein mikilvægasta undirstaða samkeppnishæfs og sjálfbærs atvinnulífs er öflugur mannauður í verkfræði og öðrum tæknigreinum.

1. Grunnstoðir atvinnustefnunnar

- **Mikilvægi menntunar:** Háskólamenntun, sérstaklega í tæknigreinum á borð við verkfræði og tæknifræði, er forsenda nýsköpunar, framleiðni og verðmætasköpunar.
- **Samkeppnishæfni þjóðarinnar** byggir á öflugum mannauði með djúpa þekkingu á raungreinum, tækni og vísindum.
- **Framtíðarhagvöxtur** verður drifinn áfram af þekkingariðnaði, grænni umbreytingu og tæknilausnum.

2. Raungreinar og tæknilæsi í menntakerfinu

- Efla kennslu í stærðfræði, raungreinum og upplýsingatækni á öllum skólastigum.
- Tryggja að framhaldsskólar bjóði fjölbreyttar námsleiðir með áherslu á raungreinar.
- Byggja upp tæknilæsi sem almenna hæfni í samfélaginu, þar sem tækni er sífellt samofnari daglegu lífi, stjórnsýslu og atvinnulífi.

3. Háskólamenntun sem lykilþáttur atvinnuuppbyggingar

- Auka opinberan stuðning við háskólanám í verkfræði, tæknifræði og tengdum greinum.
- Tryggja háskólum fjármagn og innviði til að veita framúrskarandi kennslu og stunda öflugar rannsóknir.
- Efla tengsl háskóla og atvinnulífs til að tryggja að rannsóknir og þekking nýtist í atvinnuuppbyggingu og nýsköpun.



4. Virðing fyrir menntun og sanngjörn laun

- Viðurkenna mikilvægi háskólamenntunar á sviði tækni og raunvísinda og tengja menntun við laun og starfsþróun.
- Koma í veg fyrir að vel menntað fólk þurfi að setta sig við láglounastörf eða störf utan síns fags.
- Fylgjast reglulega með launaþróun háskólamenntaðra og tryggja að hún endurspegli samfélagslegt gildi menntunar.

5. Atvinnusköpun fyrir vel menntað fólk

- Leggja áherslu á að skapa störf í þekkingariðnaði, grænum lausnum, tækni og rannsóknum fremur en að treysta á atvinnugreinar sem byggja á láglounastörfum.
- Forðast ósjálfbæra atvinnuuppbyggingu sem krefst innflutnings á ófaglærðu vinnuafli og veldur óhóflegu álagi á grunninnviði landsins.
- Stuðla að fjölbreyttum tækifærum fyrir háskólamenntaða bæði innan opinberra stofnana og í einkageiranum.
- Efla fjárfestingar í sprotafyrirtækjum og nýsköpunarumhverfi.

6. Langtímasýn

- Ísland þarf að hafa skýra stefnu um að byggja atvinnulíf framtíðarinnar á þekkingu, rannsóknum og tækni. Án öflugrar menntunar í verkfræði og tengdum greinum verður hvorki græn umbreyting né sjálfbær framtíð fyrir íslenskt atvinnulíf.
- Menntakerfið verður að taka tillit til þarfa atvinnulífsins.
- Með markvissri stefnu í menntamálum og atvinnusköpun er hægt að tryggja að Ísland verði samkeppnishæft á alþjóðavísu og eftirsóknarvert samfélag fyrir vel menntað fólk.

7. Helstu útflutningsgreinar með stoð í tæknigreinum

- Tækni á sviði orkunýtingar og grænna lausna.
- Hugbúnaðar- og upplýsingatækni.
- Líftækni, matvælatækni, lyfjaiðnaður og heilbrigðistækni.
- Rannsóknir og verkfræðiráðgjöf, útflutningur þekkingar í sérhæfðum verkefnum, m.a. á sviði orkunýtingar og grænna lausna.

Reykjavík, 26. ágúst 2025.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.